



Reykjavík 22. október 2024

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Arctica Finance hf. gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun á fylgni við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Arctica Finance hf. (hér eftir félagið) með bréfi, dags. 3. október 2023. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í október 2024.

Markmið athugunarinnar var að leggja mat á áhættumat félagsins á samningssamböndum og einstökum viðskiptum ásamt áreiðanleikakönnun, sbr. 5. gr. og III. kafli laga nr. 140/2018. Könnuð var m.a. aðferðarfræði að baki áhættumati á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, hvernig áhættumat var nýtt til að flokka viðskiptamenn í áhættuflokka og hvernig áreiðanleikakannanir voru framkvæmdar.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að félagið hefði ekki uppfyllt nánar tilgreind ákvæði laga nr. 140/2018. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbóta krafist:

- Aðferðarfræði og áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum var ábótavant þar sem aðferðarfræðin var ekki skjalfest og ekki lá fyrir á heildstæðan hátt hvernig samspil áhættuþátta mynda heildaráhættu tengda samningssamböndum. Með vísan til framangreinds var félagið ekki talið uppfylla kröfur 9., 12. og 13. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018.
- Í úrtaki reyndist félagið ekki hafa metið með sjálfstæðum hætti hvort upplýsingar um raunverulegan eiganda væru réttar og fullnægjandi í tilviki eins aðila. Með vísan til framangreinds var félagið ekki talið uppfylla kröfur 2. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að félagið myndi fela sjálfstæðum úttektaraðila að gera úttekt á hvort farið hafi verið að úrbótakröfum með fullnægjandi hætti og að gerð yrði grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar í sérstakri skýrslu sem send yrði fjármálaeftirlitinu.